

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 koma aðeins til greina þau skip sem veiðileyfi fengu samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Heimilt er að flytja veiðileyfi, sem skip hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, til nýs eða nýkeypts sambærilegs skips, enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess að veiðileyfi sé flutt til nýs eða nýkeypts skips er að skipið, sem veiðileyfi er flutt af, sé horfið varanlega úr rekstri og tekið af skipaskrá eða útgerð skipsins hafi skriflega óskað eftir því að veiðileyfið sé varanlega flutt til annars skips.

Heimilt er að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips samkvæmt 2. mgr. eða einu skipi veiðileyfi í stað fleiri skipa, enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans, sem veiðileyfi hefur í fiskveiðilögsögu Íslands, aukist ekki við skiptin.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 skal leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

Utan aflamarks

	Leyfilegur heildarafli 1994/1995 Lestir	Línu- afli 1994/1995 Lestir	Jöfnunar- sjóður 1994/1995 Lestir	Króka- bátar 1994/1995 Lestir	Úthlutað aflamark 1994/1995 Lestir
1. Þorskur	155.000	14.211	6.458	21.500	112.831
2. Ýsa	65.000	2.789	3.304	2.000	56.907
3. Ufsi	75.000		1.500	2.300	71.200
4. Karfi	77.000		1.476		75.524
5. Grálúða	30.000		1.103		28.897
6. Skarkoli	13.000		549		12.451

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 skal heildaraflí fyrir neðangreindar tegundir vera sem hér segir:

	Lestir	Lestir
1. Síld		120.000
2. Úthafs-rækja		50.000
3. Humar.....		2.200
4. Hörpudiskur samtals:.....		10.050
þ.a. Breiðafjörður	8.500	
þ.a. Arnarfjörður	300	
þ.a. Ísafjarðardjúp	250	
þ.a. Húnaflói.....	1.000	
5. Innfjarðarrækja samtals:		5.750
þ.a. Eldey.....	1.200	
þ.a. Arnarfjörður	600	
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.500	
þ.a. Húnaflói.....	1.000	
þ.a. Skagafjörður	350	
þ.a. Skjálfaflói	500	
þ.a. Axarfjörður.....	600	

Leyfilegur heildaraflí af innfjarðarrækju skv. tl. 5 á öðrum svæðum en við Eldey, er miðaður við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsaflla. Endanleg ákvörðun um heildarafla verður tekin að loknum haustrannsóknnum.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 1994 til og með 1. maí 1995. Veiðitímabil úthafs-rækju er fiskveiðiárið. Veiðitímabil humars er frá og með 14. maí 1995 til og með 15. ágúst 1995. Veiðitímabil innfjarðarrækju er frá og með 1. október 1994 til og með 1. maí 1995 á öllum svæðum öðrum en við Eldey. Á Eldeyjarsvæðinu lýkur yfirstandandi veiðitímabili, sem heildaraflaákvörðun þessarar reglugerðar nær til, þann 1. desember 1994. Nýtt veiðitímabil hefst 1. maí 1995 og stendur út fiskveiðiárið. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að seinka upphafi vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarrækju liggi fyrir tillögur um það frá Hafrannsóknastofnunni.

Veiðitímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð, ennfremur heildaraflí af loðnu.

Úthafs-rækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafs-rækju telst rækja, sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. 1. nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N. Til úthafs-rækju telst og rækja, sem er veidd í Héraðsflóa utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnareyjarvita og Ósfles. Ennfremur telst til úthafs-rækju, rækja sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum á Breiðafirði.

Úthafs-rækja, sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V telst ekki til aflamarks af úthafs-rækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill aflí sé fenginn vestan 26°V. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í úthafs-rækju.

Endurprentað blað.

Skipting leyfilegs afla.**5. gr.**

Veidiheimildum á þeim tegundum sem heildaraflí er takmarkaður af skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Aflamark hvers skips af hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki tegundarinnar skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama, sem úthlutað var fyrir fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994, að teknu tilliti til breytinga er leiða af breyttu fyrirkomulagi á veiðiheimildum krókabáta, leiðréttingum og flutningi á aflahlutdeild milli einstakra skipa.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalin aflí dreginn frá:

1. Áætlaður aflí krókabáta skv. 6. gr.
2. Línuafli utan aflamarks skv. 4. mgr. 8. gr.
3. Aflaheimildir, sem nota skal til jöfnunar sbr. 2. gr.

Krókabátar.**6. gr.**

Bátar sem valið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða, skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, kallast í 6., 7. og 16. gr. reglugerðarinnar krókabátar, veiðileyfi þeirra krókaleyfi og veiðar þeirra krókaveiðar.

Óheimilt er að stunda krókaveiðar frá 1. desember 1994 til 31. janúar 1995, frá 11. apríl til 17. apríl 1995 og frá 1. ágúst til 7. ágúst 1995, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess er óheimilt að stunda krókaveiðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Skulu banndagar krókabáta tilkynntir með sérstakri auglýsingu.

Hafi bátur fengið leyfi með aflahlutdeild er óheimilt að úthluta slíkum bát síðar krókaleyfi. Jafnframt er óheimilt að flytja til slíks báts krókaleyfi frá öðrum báti, jafnvel þótt sá bátur hafi verið tekinn úr rekstri og teljist sambærilegur að öðru leyti. Aðeins er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. ml. þessarar mgr. vegna krókabáta í þeim tilvikum að bátur hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns og tekinn af skipaskrá eða bátur sé settur á minjasafn, enda liggi fyrir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um að báturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Einungis er heimilt að víkja frá ákvæðum 2 ml. þessarar mgr. að krókaleyfið sé flutt á jafnstóran eða minni bát, sem áður hafði leyfi með aflahlutdeild.

Ekki er heimilt að veita nýjum eða nýkeyptum báti er kemur í stað krókabáts veiðileyfi í atvinnuskyni sé nýi báturinn 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Fiskveiðiári krókabáta samkvæmt 6. gr., er skipt upp í fjögur tímabil og skal hámarksaflí þeirra ákveðinn á hverju tímabili. Tímabilin eru sem hér segir:

1. tímabil: 1. september til 30. nóvember.
2. tímabil: 1. febrúar til 30. apríl.
3. tímabil: 1. maí til 30. júní.
4. tímabil: 1. júlí til 31. ágúst.

Sameiginlegur hámarksaflí krókabáta skal vera 20.170 lestir í þorskígildum talið og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila að á fyrsta tímabili falla 4.841 lest, á annað tímabil 2.219 lestir, á þriðja tímabil 6.454 lestir og á fjórða tímabil 6.656 lestir.

Fari aflí á fiskveiðiarinu sem hefst 1. september 1994 fram úr fyrrgreindum mörkum

skal banndögum á sama tímabili á því fiskveiðiári, sem hefst 1. september 1995 fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili á fiskveiðiári því, sem hófst 1. september 1994 og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafli. Skal banndögum fjölgað um heilan dag og broti sleppt. Hámarksafli skv. 2. mgr. á viðkomandi tímabili á fiskveiðiárinu, sem hefst 1. september 1995 skal lækka sem nemur umframaflanum.

Viðbótarbanndögum skv. 3. mgr. skal bætt framan við banndaga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafnt niður og unnt er.

Útreikningur aflamarks.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, en grálúðu og skarkola með 0,92.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, en grálúðu og skarkola með 1,09.

Ráðuneytið skal ákveða reiknistuðla til útreikninga á afla skipa sem vinna eigin afla um borð. Má við þá ákvörðun miða við aflanýtingu hvers einstaks skips og meðalafla-nýtingu ákveðins flokks skipa.

Við línuveiðar í nóvember, desember, janúar og febrúar skal fiskur aðeins reiknast að hálfu til aflamarks fiskiskipa þar til sameiginlegur línuafli á þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk. Fiskistofa skal fylgjast með línuafli á þessu tímabili og tilkynna ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að ofangreindu hámarki verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma línuafli skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þegar meta skal hvort línuafli telst veiddur í framangreindum mánuðum skal miða við að veiðiferð hefjist 1. nóvember eða síðar og að afla sé landað fyrir 1. mars.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm að lengd, ýsa styttri en 45 cm og karfi innan við 500 grömm að þyngd telst ekki að tveimur þriðju hlutum með til aflamarks fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggja staðfesting frá löggiltum vigtarmanni, sem annaðist vigtun aflans innanlands, um magn einstakra tegunda samkvæmt reglum er ráðuneytið setur. Þetta gildir ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur sem veiddur er á handfæri telst þó til aflamarks.

Allan afla af botnfisktegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola.

9. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 1994 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 1994 til 31. ágúst 1995, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli sem landað er 1. september 1995 eða síðar til fiskveiðiárs er hefst þann dag, enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

10. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal

Endurprentað blað.

undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem áttu þinglýst veð í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrir en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einstakri tegund, sem úthlutað er til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu, er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark að sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins á fiskveiðiárinu. Flutningur milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti sæta ekki takmörkunum samkvæmt þessari málsgrein. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Óheimilt er að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í l. nr. 38/1990. Sama á við um meðalafhlutdeild samkvæmt 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgðalaga í l. nr. 38/1990.

Séu veiðiheimildir skips, sem uppbætur hefur fengið, sameinaðar varanlega aflahlutdeild annars skips, falla uppbætur niður nema fyrir liggja yfirlýsing eigenda um að skipið verði tekið af skipaskrá og réttur til endurnýjunar þess falli niður. Sama á við um meðalafhlutdeild.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark eða aflahlutdeild milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetugu þess.

Verðmætastuðlar.

11. gr.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990, skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.22, ufsi 0.48, karfi 0.46, grálúða 0.88, skarkoli 1.01, loðna 0.06, síld 0.09, humar (slitinn) 9.52, rækja 0.99 og hörpudiskur 0.42. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á. Jafnframt skal á þeim byggt við mat á því hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

Endurnýjun fiskiskipa.

12. gr.

Fyrir þilfarskip úrskurðar Fiskistofa hvort um sambærileg skip sé að ræða, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðra punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4.3 x brúttótonn, þar sem brúttótonnatale er fundin samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

Endurprentað blað.

13. gr.

Rúmtala skips eða skipa sem veiðileyfi fá skv. 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera hærrí en rúmtala þess skips eða skipa sem veiðileyfi láta í þeirra stað.

14. gr.

Við útreikning samkvæmt 12.-13. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

15. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi tveggja eð þriggja skipa til eins nýs eða nýkeypts skips sbr. 2.-3. mgr. 1. gr. Leyfileg rúmtala nýja skipsins skal þá miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er leyfin eru flutt af.

Heimild 1. mgr. skal því aðeins beitt að eitt skipanna sé a.m.k. 70% af rúmtölu nýja eða nýkeypta skipsins. Frá þessu má þó víkja megi ætla að sóknargeta aukist ekki við skiptin.

Hafi veiðileyfi verið flutt af skipi skv. 1. mgr. er aðeins heimilt að flytja til þess veiðileyfi aftur að það sé flutt af sambærilegu skipi skv. 12. gr.

16. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa sbr. 2.-3. mgr. 1. gr. Leyfileg rúmtala hinna nýju skipa skal þá miðast við rúmtölu þess skips, sem leyfið er flutt af. Heimild þessi tekur ekki til flutnings krókaeyfis skv. 6. gr.

17. gr.

Séu heimildir 13.-16. gr. til endurnýjunar skips eða stækkunar ekki fullnýttar fellur það sem umfram er af rúmtölnunni niður.

18. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir að fullnægt sé skilröðum 2.-3. mgr. 1. gr. Hinu nýja skipi er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands fyrr en Fiskistofa hefur veitt hinu nýja eða nýkeypta skipi leyfi til að hefja veiðar.

19. gr.

Óheimilt er án sérstaks leyfis Fiskistofu að breyta nýjum og nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi hafa fengið í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þeirra vaxi sbr. 12. gr.

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla sem markaður er fyrir. Þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm sem fæst á handfæri.

21. gr.

Skylt er að hirða alla rækju, sem fæst í rækjuvörpu. Skipstjóra er óheimilt að stunda rækjuveiðar á veiðisvæði þar sem rækja er það smá að fleiri en 300 stykki eru í hverju kg.

22. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomandi vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við lönd-

un. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávaraflla.

Skipstjórar fiskiskipa sem fara til veiða á tegundum, sem reiknast ekki til aflamarks fiskiskips, skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðar á þessum tegundum hefjast og hvenær þeim lýkur. Gildir þetta um veiðar á úthafskarfa, rækjuveiðar vestan 26°V og veiðar á botnfiski og rækju utan fiskveiðilögsögu Íslands.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands á kvótabundnum tegundum og jafnframt veiðar á sömu tegundum utan fiskveiðilögsögunnar. Þetta tekur þó ekki til veiða á loðnu.

23. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar fyrir hverja þrjá mánuði um afla á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar. Sama gildir verði aðili uppvis að undanskoti afla.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi sem Fiskistofa ákveður.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmeats sjávaraflla skal beita ákvæðum l. nr. 37, 27. maí 1992.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1994. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni, fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um tryggingarskyldu við sölu notaðra ökutækja.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *Viðskiptamaður*: Einstakling eða lögaðila sem bifreiðasali hefur annast milligöngu um kaup eða sölu skráningarskylds ökutækis fyrir.
2. *Tjónsatvik*: Hvert einstakt skaðabótaskyldt atvik er hefur tjón í för með sér, sbr. 91. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga.
3. *Ábyrgðartrygging*: Váttryggingu gegn skaðabótaábyrgð sem váttryggður kann að baka sér gagnvart þriðja manni (tjónþola) vegna atvika sem hafa tjón í för með sér og hann ber ábyrgð á. Tjónþoli nýtur ekki góðs af ábyrgðartryggingu nema hann eigi skaðabóta-kröfu á hendur váttryggðum.